

Hr. Bjarni Benediktsson  
Fjármála- og efnahagsráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2020

**Efni: Tillaga um sölumeðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka hf.**

Bankasýsla ríkisins leggur hér með fram tillögu til fjármála- og efnahagsmálaráðherra í samræmi við ákvæði i. og j. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, sbr. einnig ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Tillagan er svohljóðandi:

*Að selja eignarhluti í Íslandsbanka hf. þar sem stefnt verður að skráningu eignarhluta á skipulegan verðbréfamarkað innanlands í kjölfar almenns útboðs.*

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga nr. 155/2012 er ráðherra heimilt að selja eignarhluti í Íslandsbanka hf. að fenginni fjárheimild í fjárlögum og að fenginni tillögu frá Bankasýslu ríkisins. Alþingi samþykkti þann 27. nóvember 2019 fjárlög fyrir árið 2020 en þar er að finna ákvæði 6. gr. laganna heimild til slíkrar sölu. Sambærilega heimild er að finna í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021. Með tillögu þessari eru því skilyrði laga nr. 155/2012 fyrir söluheimild uppfyllt.

Nánari rökstuðning fyrir tillögunni er að finna í meðfylgjandi minnisblaði Bankasýslu ríkisins til til ráðherra, dags. 17. desember 2020.


Virðingarfyllt,



Lára L. Blöndal, formaður stjórnar



Margrét Kristmannsdóttir, varaformaður



Vilhjálmur Bjarnason, meðstjórnandi



Jón G. Jónsson, forstjóri